

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Dagsetning: 2. desember 2021 kl. 18.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Sigrún Pálsdóttir (SP), Birna Imsland (BI), Valva Árnadóttir (VÁ), Þórhildur Sigurðardóttir (ÞS), Áslaug Jóna Marinósdóttir (ÁJM), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME).

Jakob S. Jónsson (JSJ) og Hildur Bjarnason (HBj) sátu fundinn með fjarfundabúnaði.

Fjarverandi: Hjörtur Howser (HH), Indriði H. Þorláksson (IHP), Kári Jónasson (KJ), Kristín Waage (KW), Pétur Gunnarsson (PG), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Guðni Gunnarsson (GG), Aldís Aðalbjarnardóttir (AA), Stefán Arngrímsson (SA), Sigurður Magnússon (SM).

1.	Fundur settur, yfirlit starfa stjórnar LS	<p>Formaður FR setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Greindi hann frá ágætum óformlegum spjallfundi sem var haldinn með formanni Félags Íslenskra fjallaleiðsögumanna fyrr um daginn, meðal annars rætt um komandi kjarasamninga en margir fjallaleiðsögumenn taka laun eftir kjarasamningum Leiðsagnar þó þeir séu ekki í stéttarfélaginu, eru það einu kjarasamningarnir sem þeir geta haft til hliðsjónar.</p> <p>Formaður FR og varaformaður SSS segja frá fundi um öryggismál á vegum SAF og Landsbjargar sem efnt var til vegna alvarlegs slyss í Reynisfjöru.</p> <p>Búið er að skipa Ingibjörgu Gunnarsdóttur í lagabreytinganefnd og er hún nú fullskipuð og hefur störf í næstu viku. Lögmaður ASÍ verður nefndinni innan handar.</p> <p>Formaður segir frá hækkuðu starfshlutfalli starfsmanns á skrifstofu í 75% starf tímabundið til 6 mánaða, en allar ákvarðanir um frekari útfærslu og hugsanlega enn hærra starfshlutfall verða að fylgja fjárhag félagsins, sem virðist vera að rétta úr kútnum eftir erfitt tveggja ára tímabil.</p>	U	Friðrik Stjórn
----	--	--	---	----------------

		<p>Gerð hafa verið drög að nýjum siðareglum félagsins. Þær sem nú gilda eru frá árinu 1999 og eru barn síns tíma og þurfa endurskoðunar við. Viðhorf og tíðarandi breytist og þurfa siðareglur að endurspegla nýja tíma, en einnig markmið félagsins og stærra samhengi. Haft hefur verið samband við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands til frekari ráðgjafar.</p> <p>Sagt frá vinnu við að koma félagalista á heimasíðuna, en SP hefur tekið það verkefni að sér. Markmið stjórnar er að auka þjónustu við félagsmenn með ýmsum hætti, nú þegar er reiknivél um launamál komin á heimasíðuna og vonandi tekst að gera félagalistann aðgengilegan í byrjun næsta árs til að auðvelda ferðaskipuleggjendum leit að leiðsögumanni. Félagar þurfa sjálfir að fylla út allar nánari upplýsingar um sig.</p>		Sigrún
2.	Fundargerð síðasta fundar	Fundargerð síðasta fundar trúnaðaráðs þann 18.10.2021 lögð fram. Athugasemdir komu fram frá nokkrum fundarmanna og samþykkt að fresta afgreiðslu. Vísað til næsta fundar.	U Á	
3.	Kjaranefnd o.fl.	<p>Þeir sem sátu í Kjaranefnd síðasta tímabil og gefa kost á sér áfram eru: Jakob S. Jónsson, Valva Árnadóttir, Pétur Gunnarsson. Einnig gefur Snorri Steinn Sigurðsson kost á sér. FR stingur upp á að leita auk þess til Leifs Björnssonar sem þekkir þennan málaflokk vel og Þórdísar Erlu Ágústsdóttur, og er það samþykkt.</p> <p>Guðný Margrét Emilsdóttir, sem sat áður í Kjaranefnd, hefur verið tilnefnd af stjórn í starfshóp á vegum Menntamálastofnunar sem á að vinna úr tillögum skýrslu um menntun leiðsögumanna frá árinu 2021. Hafði áður verið stungið upp á JSJ sem fulltrúa Leiðsagnar í þennan starfshóp þar sem hann sat í fyrri starfshópnum, og Gunnhildi Hörpu sem varamanni, en núna er mikil vinna framundan í Kjaranefnd vegna komandi kjarasamninga og JSJ þarf að beina kröftum sínum að þeim málum, og er hann samþykkur þessari ráðstöfun og GME einnig.</p> <p>Rætt um hversu mikilvægt sé að þeir sem gefa kost á sér í Kjaranefnd gefi sig í starfið af fullum krafti, þetta er mikilvægur málaflokkur og krefst mikillar vinnu og góðs undirbúnings. Rætt um laun fyrir vinnu í Kjaranefnd en litlar upplýsingar til um slíkt áður, þarf að kanna.</p>	U Á U U	

		<p>SP og GME óska eftir að sjá fleiri konur í Kjaranefndinni, JSJ kveðst hlynntur jafnrétti kynja en telur ekki nauðsynlegt að hafa konur í nefndinni bara til að rétta af kynjahlutfall, þar þurfi fyrst og fremst að vera fulltrúar með innsýn í kjaramál. ÁJM og ÞS spyrja hvort ekki væri æskilegt að hafa fulltrúa landsbyggðarinnar í nefndinni? SP nefnir einnig að oft sé sama fólkið í hinum ýmsu nefndum og ráðum, telur hún þurfa meiri fjölbreytni og taka aðrir undir það sjónarmið.</p> <p>Spurt um muninn á Kjaranefnd og Viðræðunefnd: Kjaranefnd er 5 manna fastanefnd sem sér um öll þau mál sem koma upp á borð og varða kjaraálitamál, árið um kring. Kjaranefnd er skipuð af trúnaðarráði, starfar undir því og hefur skyldur gagnvart því. Trúnaðarráð er hin eiginlega samninganefnd Leiðsagnar og fer með forsvar þess í kjaramálum. Trúnaðarráð skipar bæði Kjaranefnd og svo sérstaka Viðræðunefnd sem starfar í umboði Trúnaðarráðs og fer í samningaviðræður þegar kjarasamningar eru til endurskoðunar, eins og fyrir liggur nú í ár. Viðræðunefnd starfar í samráði við Kjaranefnd og skal skipuð 6 aðalfulltrúum og 3 til vara, kosnum úr stjórn félagsins, úr hópi annarra fulltrúa í trúnaðarráði eða úr hópi almennra félagsmanna. Lögð er áhersla á að fá aðila í Viðræðunefnd sem þekkja vel til mála og eru samningaglöggir. (Skv. erindisbréfi eru formaður Trúnaðarráðs og formaður Kjaranefndar sjálfkjörnir í Viðræðunefnd.) Rætt um möguleika á að fá reynslumikið samningafólk utan félags í Viðræðunefnd, leita t.d. til stærri stéttarféлага?</p> <p>Formaður óskar eftir stórbættri upplýsingagjöf frá Kjaranefnd og segir stjórn ekki hafa verið upplýsta um gang mála í nefndinni undanfarið, þó VÁ hafi vissulega sagt frá úrlausn ákveðinna kjaraálitamála. Fer formaður fram á gagnsæi í störfum nefndarinnar og stórbætta upplýsingagjöf. Vill formaður að það sé bókað að hann óski eftir því að stjórn sé reglulega upplýst um starf Kjaranefndar og fái afhentar fundargerðir og minnispunkta sem formaður Kjaranefndar hafi í sínum fórum.</p> <p>(Kl. er 19:00 og þarf GME að yfirgefa fundinn. Er umræðum um Kjaranefnd einnig frestað um stund þar sem nú er mættur á fund Trúnaðarráðs Hjalti Tómasson frá Bárunni til að ræða vinnustaðaeftirlit.)</p>	<p>U</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>B</p>	
--	--	---	-------------------------------------	--

4.	Vinnustaðaeftirlit	<p>Hjalti Tómasson frá stéttarfélaginu Bárinni á Selfossi kynnir vinnustaðaeftirlit á þeirra vegum á Suðurlandi, sem hefur verið mjög öflugt undanfarin ár. Mesti þunginn í ferðaþjónustu er á Suðurlandi og því mest þörf fyrir eftirlit þar.</p> <p>Hefur HT unnið við eftirlitið frá árinu 2011 og kveðst hann áhugasamur um leiðsögumenn og starf þeirra, þeir séu mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustunni og þeirra reynsla og þekking myndi nýtast vel í eftirlitinu. Ef LS tæki þátt í vinnustaðaeftirliti með Bárinni myndi það auka slagkraftinn. Slíkt samstarf hefur verið í gangi áður og var HT þá í sambandi við þá Óskar Kristjánsson, Jakob S. Jónsson og Pétur Gauta, sem allir tóku námskeið í vinnustaðaeftirliti. FR spyr af hverju ekki hafi verið áframhald á samstarfi Bárunnar við Leiðsögn en HT þekkir ekki ástæður þess. Nú nýverið hafi þeir FR rætt um nauðsyn slíks samstarfs og þess að fá meiri samfellu í aðgerðir. Væri hentugast að gera sérstakan samning þar að lútandi milli Bárunnar og Leiðsagnar og taka FR og SSS málið að sér.</p> <p>HT er í fullu starfi við vinnustaðaeftirlit hjá Bárinni, en alls eru um 60 eftirlitsfulltrúar skráðir hjá þeim frá hinum ýmsu stéttarfélögum sem geta tekið að sér tímabundið eftirlit, en ekki eru þeir allir virkir. Gott væri að fá aðila frá Leiðsögn líka.</p> <p>Sex ráðuneyti hafa með leyfi og annað að gera í ferðaþjónustu, talsvert flókið regluverk og verður áfram flókið, en nú er komið fram lagafrumvarp sem miðar að því að bæta umhverfið og úrræðin. Ekki sé þó í frumvarpinu gert ráð fyrir fésektum sem væri gott verkfæri að beita við brotum. Gegn brotum vinnuveitenda er launafólk illa varið, nokkrir lögfræðingar eru með sérþekkingu á málaflokknum en dómskerfið illa í stakk búið til að skilja og taka á brotunum.</p> <p>Hér á landi eru starfandi fjölmargar starfsmannaleigur, m.a. í ræstingum og ýmsum öðrum störfum í ferðaþjónustu. Um 80-90% starfsfólks á hótélum er útlendingar og koma frá ólíkum löndum. HT hefur haft t.d. afskipti af fólki af 100 ólíkum þjóðernum og þjóðabrotum á Suðurlandi. Verður hann var við mikinn vinnumeningarmun og líka menningarmun varðandi</p>	<p>Friðrik Snorri</p> <p>U</p>
----	---------------------------	--	--------------------------------

	<p>kynferðislega áreitni (hefur hann verið í samstarfi við Stígamót og Bjarkarhlíð þegar slík mál koma upp). Kjarasamningar eru í sumum tilvikum þýddir á ensku (t.d. hjá Eflingu) og hefur verið reynt að þýða þá á pólsku líka, en sum hugtök eru illþýðanleg og útlendingar skilja ekki ýmis hugtök í vinnurétti, t.d. frítekjumark.</p> <p>Hjalti telur vinnuumhverfið vera harðara en áður, mennskan sé að hverfa og meira skeytingarleysi um starfsfólkið. Það þarf að fá atvinnuleyfi frá atvinnurekanda ef það kemur frá landi utan ESB, sem geri það háð vinnuveitandanum, og oft er húsnæði atvinnurekandans heimili þeirra og athvarf og hægt að nota sem skrifstykki í kjaramálum. Talar HT um „dulinn rasisma“, útlendingum sé boðið upp á aðstæður og kjör sem Íslendingum væri aldrei boðið upp á. Segir Hjalti að 90% af eftirlitinu snúist um laun og/eða aðbúnað, en ca 10% um mansal, misbeitingu, kynferðisofbeldi og slíkt.</p> <p>Talið berst að erlendum ferðaskrifstofum sem koma hingað til lands með eigin rútur, eigin bílstjóra og leiðsögumenn, jafnvel matarbirgðir í 10 daga. Hver ætlar að taka á þeim brotum sem eru framin? Eiginlega bara Vinnustaðaeftirlitið og verkafélögin sem taka á þessu. Skatturinn og lögreglan hafa líka oft skipað eftirlitsteymi sem vilja starfa með Bárinni. Hafa allir aðilar lært heilmikið af þessu samstarfi, sem mætti þó vera meira og tíðar.</p> <p>Telur Hjalti að leiðsögumenn kunni almennt ekki góð skil á sínum kjarasamningum og SAF sé heldur ekki með allt á hreinu í þessum efnum og geti því ekki leiðbeint sínu fólki þegar álitamál koma upp. Vandamálið er m.a. sú staðreynd að leiðsögumannsstarfið sé oft íhlaupastarf og eins skorti oft á stéttarvitund meðal leiðsögumanna. Hjá skrifstofu Leiðsagnar (eða Kjaranefnd) þarf að vera til staðar mjög góð þekking á kjarasamningunum okkar og túlkunum á þeim.</p> <p>BI bendir á að launaseðlar séu mjög mismunandi frá ólíkum ferðaþjónustuaðilum og því erfitt að bera saman ráðningasamninga. Hún spyr hvort það sé ástæða fyrir Leiðsögn að íhuga inngöngu í annað stærra stéttarfélag? Við rekum okkar félag á tímabundinni sjálfboðavinnu og virðumst stundum ekki hafa bolmagn til að gera allt sem gera þarf, og eins er erfitt fyrir skrif-</p>	U	
--	---	---	--

		<p>stofu með einn starfsmann að svara öllum fyrirspurnum.</p> <p>Hjalti segir að samstarf við stærra félag gæti hjálpað, en samt sé leiðsögumannsstarfið svo ólíkt öllu öðru og okkar kjarasamningar líka. Samningarnir þurfi að ná utan um alla þá sem vinna við leiðsögn, hvort sem það er í fullu starfi allt árið eða aðeins hluta úr ári. Og til að flækja málin séu skilin milli leiðsögumanns, fararstjóra og hópstjóra oft ruglinsleg. Kallar HT það „0-samning“ þegar hægt er að kalla á fólk til að vinna ákv. tímafjölda og fá greitt samkvæmt því, en ekki sé kveðið á um mótframlag vinnuveitanda.</p> <p>SSS bendir á að „lausráðinn launþegi“, eins og tíðkist að semja um í ferðaþjónustunni, sé ráðningasamband sem fæstir aðrir skilji, og hafi Vinnumálastofnun t.d. þurft útskýringa við þegar covid skall á og meta þurfti vinnuframlag leiðsögumanna.</p> <p>HT segir að á heimasíðu ASÍ sé ábendingarhnappurinn <i>Ekkert svindl</i> þar sem hægt sé að koma á framfæri ábendingum um brot á kjarasamningum, en einnig megi hringja beint í hann ef menn verða varir við slíkt. HT segir að VR og Efling hafi staðið sig best í öllum málum sem varða kjaraálitamál og brot á samningum. Stéttarfélagsmálin eru þó oft bundin landshlutum, í Reykjavík er Efling aðaleftirlitsaðili en hefur t.d. ekki umboð til að vinna að málum á Austurlandi, þó aðili þar hafi greitt iðgjöld til Eflingar.</p> <p>Er komið að lokum þessarar afar fróðlegu samantektar hjá Hjalta og hefur hann svarað mörgum spurningum fundarfólks og gefið þeim innsýn í hið flókna og yfirgripsmikla eftirlit sem sinnt er á vegum Bárunnar. Þýðst hann til að ræða þessi mál fyrir stærri hóp leiðsögumanna og nefnir FR að gott væri að fá hann til að halda erindi á vegum fræðslunefndar eða á félagsfundi.</p> <p>Þakkar formaður Hjalta kærlega fyrir heimsóknina og forvitnilegt og fróðlegt innlegg. Segir hann áframhaldandi samstarf Leiðsagnar við Báruna afar mikilvægt og stefnt skuli að því að gera fast samkomulag þar að lútandi.</p>		<p>Stjórn Fræðslunefnd</p> <p>Á Stjórn</p>
--	--	---	--	--

5.	Kjaranefnd frh.	<p>(Þegar hér er komið sögu er JSJ dottinn úr fjarsambandi og komið að fundarlokum.)</p> <p>Rennt aftur yfir skipan Kjaranefndar og m.a. rætt um að fá Sigurð Magnússon, sem á sæti í trúnaðaráði, til að koma í viðræðunefndina en hann er mjög reynslumikill í kjarasamninga- viðræðum.</p> <p>ÞI ítrekar nauðsyn þess að vinna við kjarasamninga sé launuð, þetta sé mikil vinna ef fólk gefur sig í starfið af fullum krafti.</p>	U Á	Friðrik Snorri
6.	Önnur mál	Engin önnur mál tekin fyrir og slítur formaður fundi.		

Fundi slitið 20:20

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari